

Stefnandi, Baldur Helgason, greiði stefnda, Hannesi Þorsteinssyni, kr. 3.500.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

Hannesar Davíðssonar arkitekts.

Ég er sammála forsendum og niðurstóðu dómsins, þó svo, að ekki verður fallizt á þá fullyrðingu stefnda, að allur vatnslímdur furukrossviður sé merktur með áletrunum WBP.

Mánudaginn 17. apríl 1972.

Nr. 177/1971. **Hallgrímur Bogason**

(Jón Skaftason hrl.)

gegn

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs

(Gunnar M. Guðmundsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómarnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Magnús P. Torfason og Þórður Björnsson yfirsakadómari.

Bifreiðar. Skaðabótamál. Vinnuslys. Umferðarlög. Sýkna.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 19. nóvember 1971, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 515.909.00 með 7% ársvöxtum frá 8. nóvember 1962 til greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, en hann hafði gjafsókn í héraði og fékk gjafsókn hér fyrir dómi með bréfi dómsmálaráðuneytisins 4. marz 1971.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málsatvikum er lýst í héraðsdómi.

Er áfrýjandi slasaðist, var bifreiðin R 5417 kyrrstæð inni í vöruskemmu stefnda, án þess að aflvél hennar eða annar hreyfibúnaður væri í gangi, en unnið var að affermingu hennar með handaflí og sérstökum vörulyftara. Þótt lagt sé til grundvallar, að áfrýjanda hafi skrikað fótur á bifreiðarpallinum, má fallast á þá úrlausn héraðsdómara, að slys hans hafi ekki hlotizt af vélknúnu ökutæki í notkun í merkingu 67. gr. laga nr. 26/1958, sbr. nú 67. gr. laga nr. 40/1968, þannig að stefndi beri á því ábyrgð sem skráður eigandi bifreiðarinnar samkvæmt 1. mgr. 69. gr. nefndra laga. Þá er eigi í ljós leitt, að slysið hafi orðið vegna mistaka eða handvammrar verkstjóra eða annarra starfsmanna stefnda, þannig að á hann falli fébótaábyrgð af þeim sökum.

Með þessari athugasemd ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Allur gjafsóknarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun lögmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 30.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun lögmanns áfrýjanda, Jóns Skaftasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 30.000.00.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. desember 1970.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 24. f. m., hefur Hallgrímur Bogason, Suðurgötu 26 hér í borg, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 12. febrúar 1970, gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs vegna Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins.

Stefnandi gerir nú þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða honum skaðabætur að fjárhæð kr. 515.909.00 með 7% ársvöxtum frá 8. nóvember 1962 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, en stefnandi fékk gjafsókn með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 11. nóvember 1969.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Stefnandi hefur stefnt Samvinnutryggingum g/t hér í borg til að gæta réttar síns í málinu.

Af hálfu réttargæzlustefnda, Samvinnutrygginga g/t, eru engar kröfur gerðar, enda hefur engum kröfum verið beint að honum.

II.

Málavextir eru þeir, að síðdegis hinn 8. nóvember 1962 var unnið að affermingu vörubifreiðarinnar R 5417 í vörugeymslu Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins að Borgartúni 7, Reykjavík, hér á eftir skammstafað Á. T. V. R. Bifreið þessi var eign Á. T. V. R., en skylduvátryggð hjá réttargæzlustefnda. Bifreiðin var nýkomin frá Keflavík. Hafði rignt á leiðinni. Var bílpallurinn blautur, óhreinn og því sleipari en ella. Bifreiðinni ók starfsmaður Á. T. V. R., Úlfar Kristinn Þorsteinsson, en með honum í bifreiðinni var sem hjálparmaður stefnandi máls þessa, Hallgrímur Bogason. Er bifreiðin hafði verið stöðvuð til affermingar inni í vörugeymslunni, fór stefnandi upp á bílpallinn. Sigurður Hjálmsón, verkstjóri í vörugeymslunni, ók í sama mund vöru-lyftara að bílpallinum, en á göfflum lyftarans var trébretti (grind), sem Sigurður lyfti upp á bílpallinn. Á bifreiðinni voru trékassar, sem vindlar voru í, og virðast kassarnir hafa verið um 75—80 kg að þyngd hver. Var ætlunin að raða kössunum, sem á bílpallinum voru, upp á trébrettið nokkrum í einu, en lyfta síðan brettinu niður af pallinum með lyftaranum. Er Sigurður hafði lyft flutningsbrettinu upp á bílpallinn, lét hann lyftarann standa við hlið bílpallsins, þannig að gafflarnir stóðu í brettinu, sem lá að öllu leyti á bílpallinum. Mun $\frac{1}{2}$ —1 m bil hafa verið frá pallbrúninni að aftanverðu að brettinu. Um það leyti sem fyrsti kassinn var kominn upp á grindina, féll stefnandi niður af bílpallinum og mun hafa komið á höfuðið niður á steingólfið. Hlaut hann af fallinu alvarleg meiðsli. Hefur hann höfðað mál þetta til greiðslu á því tjóni, sem hann kveðst hafa orðið fyrir við slysið.

III.

Stefnandi missti meðvitund við slysið. Hinn 10. janúar 1963 fór rannsóknarlögreglumaður á heimili stefnanda og tók þar af honum skýrslu. Þar segir svo:

„Ég man alls ekkert eftir, er slys þetta varð, og man ekki einu sinni, hvar ég var eða við hvað ég var að vinna. Get ég því ekkert sagt um, hvernig slysið bar að höndum eða af hvaða völdum ég hef fallið. Ég rankaði við mér á Landakotsspítala. Ég lá á Landakotsspítalanum til 18. desember og er mest í rúminu heima og er oftast með mikinn verk í höfði og allur máttlítil. Ég mun ekki komast hjá því að gera skaðabótakröfur vegna slyss þessa“.

Stefnandi gaf skýrslu hér fyrir dómi hinn 17. nóvember 1970. Var þá bókað: „Mætti er spurður að því, hvort hann muni nú atvikin að því, þegar hann féll af bílpallinum í umrætt sinn. Kveðst hann ekkert um það muna og hafi þau atvik ekkert rifjast upp, eftir að hann gaf skýrsluna fyrir rannsóknarlögreglunni. Mætti er spurður að því, hvort hann hafi átt vanda til þess fyrir slysið að falla í yfirlið. Mætti svarar: „Ég man ekki eftir því að hafa átt vanda til að falla í yfirlið fyrir slysið, þó að ég geti engan veginn forsvarað það, að slíkt kunni að hafa komið fyrir“. Mætti kveðst hafa verið búsettur í Fljótum í Skagafirði frá fæðingu og til ársins 1960, er mætti flutti hingað til Reykjavíkur. Mætti byrjaði þá að vinna hjá Á. T. V. R. Minnir mætta, að hann hafi byrjað að vinna í júlí það ár hjá Á. T. V. R. Kveðst mætti hafa verið fremur heilsugóður fram að þeim tíma, er slysið varð. Mætti kveðst ekki muna, í hvernig skóm hann var, er slysið átti sér stað. Mætti man heldur ekki, hvort nokkur var uppi á bílpallinum í nefnt sinn. Mætti kveðst fyrir slysið m. a. hafa unnið við að keyra út vörur frá Á. T. V. R. til viðskiptavina fyrir-tækisins. Hann kveðst ekki sjálfur hafa ekið bifreiðum Á. T. V. R., heldur verið aðstoðarmaður við að ferma og afferma bifreiðar. Hann segir, að nokkuð mikið hafi verið um flutninga á vörum milli varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli á þeim tíma, sem slysið varð, og hafi vörubifreiðin, sem um ræðir í málinu, verið notuð við þá flutninga. Fór þá jafnan einn maður með bifreiðarstjóranum. Kveðst mætti hafa farið nokkrar ferðir þangað suður. Mætti kveðst ekki geta sagt um, hve kassarnir, sem hann vann við, voru þungir. Mætti kveðst enn fá svimaköst“.

Þrír lögregluþjónar og tveir rannsóknarlögregluþjónar komu á vettvang. Í skýrslu eins lögregluþjónsins segir m. a.:

„Á staðnum var Sigurður Hjálmsón . . . , sem er verkstjóri á staðnum, og ók hann jafnframt lyftaranum. Einnig var á staðnum Úlfar Þorsteinsson. . . . Er slysið skeði, var hann á hlið við bifreiðina á leið upp á pall hennar til að aðstoða Hallgrím.

Pallur vörubifreiðarinnar var blautur og nokkuð háll.

Rannsóknarlögregluþjónar mynduðu vettvang og tóku málið í sínar hendur“.

Úlfar Kristinn Þorsteinsson bifreiðarstjóri gaf skýrslu fyrir rannsóknarlögreglunni 9. nóvember 1962. Þar segir m. a. svo: „Rétt fyrir kl. 17.00 í gær ók ég bíl mínum, R 5417, inn í vöruskemmu Tóbakseinkasölu ríkisins að Borgartúni 7. Á pallinum voru allstórir kassar fullir af vindlum og allþungir. Með mér í bílnum sem hjálparmaður var Hallgrímur Bogason, og fórum við báðir upp á pall bílsins. Sigurður Hjálmsón, verkstjóri í vörugæymslunni, kom strax að með lyftarann, og var grind á göfflum hans. Lyfti hann grindinni upp á pall bílsins og lét síðan lyftarann standa kyrran og hafði gafflana á grindinni. Hlutverk okkar Hallgríms, og þá fyrst og fremst Hallgríms, var að koma kössum á palli bílsins upp á umrædda grind. Ég aðstoðaði hann við að velta fyrsta kassanum að grindinni og upp á hana. Ég stóð á palli bílsins framanvert við grindina, en Hallgrímur til hliðar við hana og aftast á palli bílsins. Bíl frá grindinni að afturenda pallsins var eitthvað, ég held örugglega yfir hálfan metra. Ég leit af kassanum og Hallgrími, en ekki man ég sérstaklega, hvers vegna það var. Ég leit svo að Hallgrími aftur og sá, að hann var horfinn af palli bílsins og lá á steingólfinu aftan við bílinn. Hann lá á bakinu og þó aðeins til vinstri, og sneri höfuð hans frá bílnum, en fætur að honum. Hann lá alveg hreyfingarlaus og sýnilega meðvitundarlaus. Ég veit ekkert um það, hvað olli því, að Hallgrímur datt. Eftir var að reisa kassa þann upp á endann, sem kominn var á grindina, og ég varð ekki var við, að Hallgrímur væri að taka á honum, þó að ég fullyrði það ekki. Við áttum eftir að setja þrjá kassa á grindina samkvæmt venju, áður en lyftarinn færi frá, og hafði lyftarinn ekkert hreyft. Farið var samstundis og kallað á sjúkrabíl, sem kom von bráðar og flutti hinn slasaða af slysstað. Einnig kom götulögreglan á staðinn og rannsóknarlögreglan. Ég var fyrir stuttu kominn úr Keflavík í rigningu og blautum vegi, og var pallurinn því blautur og óhrein aftast og því sleipari en annars. Ég sá ekki annað en að Hallgrímur væri hress og að öllu leyti eðlilega á sig kominn fyrir slys þetta. Ég sá, að nokkuð blæddi út úr eyra, mig minnir

vinstra eyra Hallgríms, meðan beðið var sjúkrabíls. Hann var látinn liggja óhreyfður, meðan beðið var sjúkraliðsins. Ég man ekki fyrir víst skóbúnað Hallgríms í umrætt skipti, hann er venjulega á kuldaskóm með gúmmíbotni“.

Úlfar Kristinn Þorsteinsson gaf skýrslu hér fyrir dómi 17. nóvember 1970. Þá var fært til bókar: „Skýrsla vitnisins fyrir lögreglunni á dskj. nr. 3 er lesin upp í réttinum. Kveðst vitnið engu hafa við þá skýrslu að bæta og staðfestir efni hennar. Eftirfarandi setning, bls. 1 og 2, úr lögregluskýrslunni, dskj. nr. 3, var lesin upp í réttinum: „Er slysið skeði, var hann á hlið við bifreiðina á leið upp á pall hennar til að aðstoða Hallgrím“. Er vatnið að því spurt, hvort setning þessi sé höfð eftir vitninu. Vitnið svarar: „Ég man ekki eftir því að hafa gefið þessa yfirlýsingu, en þó má það vera. Ég man þetta nú alls ekki, en tel mig hafa gefið skýrslu mína fyrir rannsóknarlögreglunni eftir beztu samvizku og með það eitt í huga að skýra rétt frá málsatvikum. Ég var mjög miður mín, eftir að ég hafði séð aðstæður, eins og þær voru eftir slysið“. Vitnið kveðst hafa verið nýkomið frá Keflavík, en Hallgrímur hafði ekki farið með til Keflavíkur með vitninu, heldur var hann sendur af verkstjóranum í Nýborg, Inga Jónssyni, til þess að hjálpa til við fermingu og affermingu bifreiðarinnar. Vitnið tók stefnanda við Nýborg. Þaðan óku þeir í vörugeymslu hjá Eimskip. Var bifreiðin þá tóm. Þar fermdu þeir bifreiðina. Að því loknu óku þeir inn í Borgartún 7, og var verið að afferma farm þennan, þegar slysið varð. Varð bílpallurinn, sem var byggður úr tré, með járnvinklum á köntum, forugur eftir ferðina til Keflavíkur, sem vitnið var nýkomið úr. Vitnið segir, að það og stefnandi hafi báðir raðað kössunum á bílpallinn í vörugeymslu Eimskipafélagsins. Vitnið minnir, að ekki hafi þurft að hreyfa bílinn til þess að komast með sjúkrakörfuna til hins lasaða, en kveðst nú ekki geta fullyrt neitt um þetta. Eigandi vörubifreiðarinnar var Á. T. V. R. Vitnið segir, að áliðið hafi verið, þegar það kom frá Keflavík aftur til Reykjavíkur. Kveðst það því hafa haft nokkuð hraðann á við að fara í þessa síðustu ferð dagsins. Vitnið er spurt að því, hvort það mundi hafa hreinsað bílpallinn, áður en það setti vörurnar á bifreiðina í vörugeymslu Eimskipafélagsins, ef það hefði haft nægan tíma til umráða. Vitnið svarar: „Ég tel, að ég mundi hafa hreinsað bílinn, ef ég hefði verið að byrja vinnu, en tíminn var orðinn naumur, og það þurfti að ljúka ferðinni samkvæmt ósk verkstjóra, og var því farið í þessa ferð og bíllinn fermdur sem

áður getur“. Vitnið minnir, að það hafi verið regnúði í Reykjavík og götur því blautar. Umrædd vörugeymsla var þar, sem nú er nýja Tollstöðin. Vitnið er spurt að því, hvort ætla megi, miðað við aðstæður allar, að vörupallurinn mundi hafa óhreinlegt, ef hann hefði verið hreinn, frá vöruhúsi Eimskips á leið sinni að Borgartúni 7. Vitnið svarar: „Ég tel, að hann hefði getað verið blautur og þar af leiðandi háll, þó að hin óhreinindin hefðu ekki verið til staðar“.

Sigurður Hjálmsón verkstjóri gaf skýrslu hjá rannsóknarlög-reglunni hinn 9. nóvember 1962. Þar segir m. a.:

„Laust fyrir kl. 17.00 í gær ók Úlfar bíl sínum, R 5417, aftur á bak inn í vöruskemmu tóbaksdeildar Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins í Borgartúni 7. Er bíllinn stöðvaðist, kom Úlfar út svo og Hallgrímur Bogason, og fóru þeir báðir upp á bílpallinn. Ég ók lyftara að pallinum, og var grind á göfflunum. Lyfti ég grindinni upp á pall bílsins, og lét ég síðan lyftarann standa við hlið bílpallsins hreyfingarlausan, og stóðu gafflarnir í grindinni. Grindin lá að öllu leyti á bílpallinum. Báðir mennirnir unnu að því að koma fyrsta kassanum á grindina. Ég sá, að kassinn kom upp á grindina, en alveg í sömu andrá varð ég var við, að Hallgrímur var að falla aftur af pallinum, og sá ég það, rétt áður en hann skall í steingólfið. Ekki get ég sagt um það, hvort Hallgrímur hafi misst takið á kassanum, skrikað fótur, stigið út af palli eða jafnvel fengið aðsvif. Ekki heyrðist neitt hljóð frá honum eða stuna í fallinu. Mér sýndist hann falla sem dauður hlutur á hnakka og bak, og lá hann endilangur á bakinu eftir slysið. Sneru fætur þá að bílnum, en höfuð frá honum. Hann lá alveg hreyfingarlaus og sýnilega meðvitundarlaus, þar til sjúkrabíll kom á staðinn, og setti ég undir höfuð hans. Hallgrímur virtist alveg eins og hann átti að sér fyrir slys þetta, hress og glaður, og heilsuðumst við eins og venjulega. Kassar þeir, sem verið var að afferma, eru nokkuð misþungir og misstórir, en ég gæti trúað, að þeir væru iðulega 75—80 kg. Lyftarinn stóð við vinstri hlið pallsins á bílnum, og mun ca. hálfur til einn metri hafa verið frá öftustu pallbrún að grindinni. Lyftarinn var algerlega hreyfingarlaus. Ég sá, að pallur bílsins var blautur og leðja á honum, og virtist því allsleipur. Ég man ekki eftir skóbúnaði Hallgríms. Gálgi sá á lyftaranum, sem gafflarnir ganga í upp og niður, skyggði dálítið á vinnu á pallinum frá mér séð svo og kassi sá, sem verið var að láta á, og sá ég því ekki eins greinilega og annars tildrög að slysi þessu“.

Sigurður Hjálmsón gaf skýrslu hér fyrir dómi 17. nóvember 1970. Var þá fært til bókar: „Skýrsla vitnisins á dskj. nr. 3 er lesin upp í réttinum. Kveður vitnið þar rétt frá greint. Í upphafi lögregluskýrslunnar hefur lögregluþjónninn bókað: „Er slysið skeði, var hann á hlið við bifreiðina á leið upp á pall hennar til að aðstoða Hallgrím“. Er vitnið um það spurt, hvort þessi setning sé eftir vitninu höfð. Kveðst vitnið ekki muna þetta lengur. Þegar vitnið rifjar atburð þennan upp, þá kveðst það helzt vera þeirrar skoðunar, að stefnandi hafi fengið aðsvif og þess vegna fallið af bílpallinum, enda kveðst vitnið ekki betur hafa séð en að stefnandi hafi fallið eins og dauður hlutur, en sér hafi virzt, að hann viðhefði engar hreyfingar í fallinu, og á vitnið þá við ósjálfráðar hreyfingar, sem menn viðhafa, þegar þeir falla. Vitnið var verkstjóri í tóbaksdeild Á. T. V. R., en stefnandi vann í áfengisdeildinni, sem hafði starfsstöð í Nýborg, en stundum kom stefnandi með bílstjórum Á. T. V. R. með vörur í tóbaksvörugæmsluna að Borgartúni 7. Hafði vitnið því ekki mikil kynni af stefnanda. Vitnið kveðst ekki hafa heyrt nein hljóð í stefnanda í fallinu. Þegar vitnið kom að stefnanda, þar sem hann lá á gólfinu, heyrði það mikið korr í honum. Vitnið minnir, að vörubifreiðin hafi verið færð til til þess að rýma fyrir sjúkrabifreiðinni. Vitnið minnir, að pallur vörubifreiðarinnar hafi verið stálsleginn, en kveðst ekkert geta staðhæft um þetta. Vitnið kveðst ekki núna geta sagt neitt frekar um þyngd á kössunum en í skýrslu vitnisins fyrir lögreglunni greinir, en tekur fram, að kassarnir hafi verið misþungir, enda misstórir. Vitnið kveðst ekki hafa tilkynnt Öryggiseftirlitinu slys þetta. Vitnið taldi ekki vera ástæðu til þess að gera sérstakar ráðstafanir, þó að pallur bifreiðarinnar væri sleipur vegna leðju og bleytu, enda komi það oft fyrir, að allar séu sleipir. Vitnið kynnir sér myndirnar á dskj. nr. 17. Segir vitnið, að grindin, sem var á göflum lyftarans, hafi verið af sömu gerð og þær, sem sjást á mynd A á dskj. nr. 17. Vitnið segir, að stefnandi hafi staðið aftast á bílpallinum og snúið fram og var eitthvað að bisa við kassann og var einn við það. Telur vitnið, að Úlfar hafi ekki verið farinn að snerta á kassanum, þegar stefnandi féll. Vitnið lætur sér detta í hug, að stefnandi kunni að hafa reynt of mikið á sig við kassann með þeim afleiðingum, að hann hafi fengið aðsvif“.

Kristján Sigurðsson rannsóknarlögreglumaður gaf skýrslu hinn 9. nóvember 1962 í sambandi við rannsókn málsins. Þar segir m. a.:

„Bíllinn R 5417 hafði verið færður, er hinn slasaði var tekinn í sjúkrakörfu, en ekið sem næst á sama stað og hann hafði staðið. Blóðpollur á gólfinu var allstór miðað við blæðingu úr eyra. Sjá mátti aftast á brún vörubifreiðarinnar, að manni hafði skrikað fótur þar, en pallurinn var blautur og moldarkennd óhreinindi á honum, og var pallurinn sýnilega sleipur. Virðist sennilegt, að hinum slasaða hefði skrikað fótur aftast á palli og þá misst jafnvægið eða jafnvel eftir að hann missti jafnvægið og ef til vill síður getað stjórnað falli sínu þess vegna. Engir menn voru í vinnusalnum, er slysið varð, aðrir en þeir menn, sem gefið hafa skýrslur sínar hér að framan, og hinn slasaði maður. Grindarstaflí var rétt við þann stað, sem maðurinn féll á gólfið, en ekki var séð á neinu á staðnum, að Hallgrímur hefði komið við staflann í fallinu“.

IV.

Af hálfu stefnanda eru kröfur hans studdar þeim rökum í fyrsta lagi, að stefndi beri ábyrgð á tjóni því, sem stefnandi varð fyrir, samkvæmt reglum um bótaábyrgð vinnuveitanda, þar sem verkstjóri stefnda hafi ekki séð um að láta hreinsa bílpallinn, áður en afferming hófst. Mjög auðvelt hafi verið að hreinsa bílpallinn og verði stefndi því að bera ábyrgð á þessum mistökum verkstjóra síns. Við hinn munnlega málflutning var á það bent af hálfu stefnanda, að kassarnir, sem stefnandi vann við, hafi verið nokkuð þungir, bílpallurinn hafi verið mjög sleipur og rými það, sem stefnandi hafði til athafna, hafi verið mjög lítið, eða um $\frac{1}{2}$ metri. Þegar þetta sé haft í huga og tekið tillit til þess, að stefnandi var 64 ára gamall, þá hafi ekki verið forsvaranlegt af verkstjóra stefnda að láta stefnanda vinna einan við að koma kassanum upp á brettið, en þar sem stefnandi hafi verið einn við þetta, sé líklegt, að hann hafi þurft að taka meira á og því runnið til og sé þetta sennilegasta skýringin á því, að stefnandi féll niður af pallinum. Stefnandi hafi því heldur ekki haft næga aðstoð við framkvæmd verksins. Í því sambandi er á það bent af hálfu stefnanda, að stefnandi hafi alls engu ráðið um framkvæmd verksins. Verkstjóri stefnanda í Nýborg, Ingi Jónsson, hafi sent stefnanda í umrædda ferð til aðstoðar bílstjóranum Úlfari við affermingu bifreiðarinnar, en stefnandi hafi engu ráðið um framkvæmd verksins. Þessi verkstjóri hafi hins vegar ekki séð til þess, að vinnuskilyrði á bílpallinum væru nægjanlega örugg. Er bifreiðin kom í vörugeymslu tóbaksdeildar stefnda að Borgar-

túni 7, hafi verkstjórinn Sigurður Hjálmsón tekið við verkstjórn. Báðir þessir verkstjórar hafi sýnt hirðuleysi um framkvæmd verksins. Ingi með því að senda bifreiðina foruga, nýkomna úr langferð, til fermingar og Sigurður með því að sjá ekki um forsvaranlega vinnuáðstöðu fyrir stefnanda á affermingarstað.

Stefnandi leggur áherzlu á, að slysið hafi ekki verið tilkynnt Öryggiseftirlitinu strax, sbr. 26. gr. laga nr. 23/1952.

Eins og málflutningi af hálfu stefnda er háttað, verður að líta svo á, að krafa stefnanda sé einnig studd þeim rökum, að umrætt slys hafi hlotizt af nefndri bifreið í notkun í skilningi umferðarlaga, enda verði að líta svo á, að afferming vörubíls verði að teljast eðlileg notkun vörubifreiðar. Umrætt slys hafi því hlotizt af nefndri bifreið í notkun og beri stefndi sem eigandi bifreiðarinnar því bótaábyrgð á slysinu samkvæmt 3. mgr. 69. gr. umferðarlaganna nr. 26/1958.

Stefnandi sundurliðar kröfur sínar þannig:

1. Örorkutjón	kr. 411.409.00
2. Bætur fyrir þjáningar og röskun á stöðu og höfum	— 100.000.00
3. Útlagður kostnaður	— 4.500.00

Kr. 515.909.00

Í málinu liggur frammi örorkumat, sem Páll Sigurðsson læknir framkvæmdi. Í matsgerðinni, sem dagsett er 31. maí 1965, segir m. a.:

„Slasaði var fluttur á Landakotsspítala, og við rannsókn þar kom í ljós, að um var að ræða heilamar og blæðingu milli heila og heilabasts. Gerð var aðgerð og blæðingin stöðvuð og tæmd út blóðstorka. Slasaði dvaldist á Landakoti til 18. desember.

Bæði á Landakotsspítala og eftir að hann útskrifaðist var slasaði til eftirlits hjá Gunnari Guðmundssyni, sérfr. í taugasjúkdómum, og Gunnar skýrir frá ástandi slasaða í vottorði 15/4 1965, og það vottorð er svohljóðandi:

„Hr. Hallgrímur Bogason, f. 17. 8. '98, til heimilis Suðurg. 26, Rvk., hefir verið hjá mér nokkrum sinnum til rannsóknar vegna höfuðáverka, er hann hlaut við vinnu hinn 8. 11. '62, auk þess rannsakaði ég Hallgrím, skömmu eftir að komið var með hann

meðvitundarlausan í Landakotsspítala eftir áðurnefnt slys. Við slysið hlaut hann fract. cranii og contusio cerebri auk haemorrhagia subduralis. Skömmu eftir komu í spítalann var gerð bilat. carotis angiografi, og gerði síðan dr. Bjarni Jónsson craniotomi og evacuatio haematomatis. Sjúkl. lá í Landakotsspítala 8. 11.—18. 12. 1962, og var hann meðvitundarlaus fyrsta hálfu mánuðinn. Við neurologiska skoðun 7. 12. '62 var sjúkl. með greinileg org. mental einkenni svo og facialis paresu vinstra megin af periferu typu, aukinn tonus og reflexa í hægri extremitetum. Er hann útskrifaðist, hafði hann enn nokkur organísk mental einkenni. Hallgrímur byrjaði að vinna hálfan daginn í maí 1963 og hefir gert það síðan flesta daga, að sögn. Síðan hann slasaðist, hefir hann haft töluverðan, nánast stöðugan, höfuðverk, sem einkum versnar við alla þreytu, það hefir borið á svimaköstum, hann þreytist, að sögn, óeðlilega fljótt, borið hefir á miklu eirðarleysi, og hann er ekki eins áræðinn og fyrir slysið. Hann er, síðan hann slasaðist, óeðlilega viðkvæmur, fær grátköst upp úr þurru, þolir ekki að lesa neitt, sem er sorglegt, og eftir upplýsingum eiginkonu, þá er minnið mjög lélegt, einkum nærminnið, og man hann t. d. eftir lestur sjaldan, hvað hann hefir verið að lesa. Hann hefir ekki nokkra eirð í sér til að hlusta á útvarp. Þessi einkenni minnkuðu að e-u leyti fyrstu mánuðina eftir slysið, en hafa verið alveg óbreytt síðan.

Skoðun: Við skoðun er sjúklingur greinilega deprimeraður að sjá og tala við. Hann virðist vera óeðlilega meir. Það eru engin einkenni um dysfasi eða dysarthri. Hann er fremur seinn til svars og segir lítið spontant. Nn. kranialis: E. t. v. aðeins slappara vinstra munnvik, a. ö. l. eðlil.

Motorik: Greinileg hyperreflexi á hægri extremitetum.

Babinski negat bilat: Grófir kraftar nokkuð eðlil.

Sensibilitet: Eðlil.

Koordination: Hreyfingar nokkuð hægar, en engin einkenni um ataxi.

Sfinkterfunktion: Eðlileg að sögn.

Heilarit (10. 9. '64): „Mjög eðlilegt“. Blóðþr. 130/90.

Corotis eðlil.

Álit: Sjúklingur hefir fengið verulegar heilaskemmdir, contusio cerebri et haemorrhagia subd., og var gerð höfuðaðgerð vegna þess. Áður nefnd einkenni, svo sem skemmdir á pyramidalbrautum svo og áberandi psykiskar breytingar, verða að teljast afleiðingar slyssins. Hann lagaðist töluvert fyrstu mánuðina eftir

slysið, en nú um lengri tíma hafa einkennin verið óbreytt, og er sennilegast, að um varanlegt ástand sér að ræða“.

Ályktun: Hér er um að ræða 66 ára gamlan mann, sem slasaðist við vinnu sína fyrir einu og hálfu ári, hlaut þá mikið höfuðhögg og heilablæðingu, svo að gera þurfti aðgerð til að tæma út blóðstorku. Slasaði var alveg óvinnufær um ½ árs bil eftir slysið, en hefur síðan unnið hálfan dag við sama starf og áður. Hann hefur mjög mikil einkenni frá taugakerfi, og telur sérfræðingur í taugasjúkdómum, að hann hafi verulegar heilaskemmdir og að ástand hans nú verði algjörlega að rekja til slyssins.

Af þessum sökum verður að telja, að maðurinn hafi hlotið varanlega örorku vegna slyssins, og telst sú örorka hæfilega metin 60%“.

Hinn 24. janúar 1970 reiknaði Þórir Bergsson, cand. act., út tjón stefnanda á grundvelli ofangreinds örorkumats.

Í álitserð þessari segir m. a.:

„Hallgrímur er sagður fæddur 17. ágúst 1898 og hefur því verið 64 ára á slysdegi.

Áætlun vinnutekna og vinnutekjutaps.

Samkvæmt staðfestum ljósritum af skattframtölum Hallgríms árin 1961—1963 hafa vinnutekjur hans ½ árið 1960 og árin 1961—1962 verið:

Árið 1960	kr. 27.988.78 (½ ár)
— 1961	— 60.028.00
— 1962	— 72.841.45

Hann hóf vinnu hjá Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins 1. júlí 1960. Fékk hann þá laun samkvæmt 12. taxta ríkisstarfsmanna með fjögurra ára starfsferil. Eftir breytinguna 1. júní 1963 fékk hann laun samkvæmt 5. taxta ríkisstarfsmanna. Ég hef því umreiknað ofangreindar tekjur til kauplags á slysdegi og síðan samkvæmt breytingum á þessum töxtum. . .

Verðmæti áætlaðs vinnutekjutaps.

Verðmæti þannig áætlaðs vinnutekjutaps reiknast mér nema á slysdegi kr. 391.964.00.

Frádráttur.

1. Hallgrími var úrskurðaður 70% örorkulífeyrir frá 1. júní 1963, þar til ellilífeyrisgreiðslur hæfust. Hann hefur því fengið greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins vegna slyssins

1. árið eftir slysið	kr. 6.025.00
2. — — —	— 17.690.00
3. — — —	— 15.840.00

Verðmæti þessara greiðslna á slysdegi reiknast mér nema kr. 34.004.00, sem ekki hefur verið dregið frá.

2. Ekki hefur verið gerður frádráttur vegna opinberra gjalda. Reiknigrundvöllur.

Við útreikninginn hef ég notað 7% vexti p. a., dánarlíkur íslenzkra karla samkvæmt reynslu árána 1951—1960 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi samkvæmt sænskri reynslu“.

Hinn 16. nóvember 1970 reiknaði Þórir Bergsson örorkutjón stefnanda að nýju. Samkvæmt þeim útreikningi hækkar áætlað vinnutekjutap stefnanda vegna hækkana á launum opinberra starfsmanna úr kr. 391.964.00 í kr. 411.409.00, en það er einmitt síðastgreinda fjárhæðin, sem stefnandi leggur til grundvallar 1. kröfuliðar.

Stefnandi virðist hafa haldið fullum launum hjá Á. T. V. R. eftir slysið, enda mun hann hafa unnið létt störf þar, eftir að hann hafði jafnað sig nokkuð eftir slysið.

Samkvæmt vottorði frá Á. T. V. R. tók stefnandi laun þar svo sem hér segir: Árið 1963 kr. 77.264.00, 1964 kr. 91.284.00, 1965 kr. 98.842.00, 1966 kr. 122.005.00, 1967 kr. 123.969.00 og 1968 kr. 127.766.00.

V.

Stefndi bendir á sýknukröfu sinni til stuðnings, að vörubifreiðin hafi staðið kyrr, er slysið varð, og vél hennar hafi ekki verið í gangi né í notkun nokkur annar tæknilegur útbúnaður bifreiðarinnar. Afferming bifreiðarinnar hafi verið eins og önnur pakkhúsvinna. Það sé því eigi unnt að telja, að bifreiðin hafi verið hér í notkun sem vélknúið ökutæki, svo sem 1. mgr. 67. gr. umferðarlaganna áskilji, til þess að ábyrgðarregla hennar eigi við. Hér hafi í engri grein reynt á hættueiginleika bifreiðarinnar sem slíkrar, en þeir séu grundvöllur að hinni ríku ábyrgð bifreiðareigandans og tryggingarskyldunni, sem sé að baki þeirri ábyrgð. Ávallt megí búast við því, að pallar vörubifreiða verði hálir, þegar rignt hefur á þá. Megí sjá fyrir nokkra hættu samfara því fyrir þá, sem þurfa að athafna sig uppi á bílpöllum við slíkar aðstæður. Þessi aðstaða sé ekki á nokkurn hátt sérstök fyrir vörubifreiðar. Hennar gæti í meira og minna mæli í fjöl-

mörgum öðrum tilvikum. Megi í því sambandi t. d. nefna trébryggjur, vinnupalla ýmiss konar, að ekki sé minnzt á þilför báta og skipa. Starfsmönnum, sem vinni á slíkum vinnustöðum, sé ljós hættan, sem þeim kunni að vera búin. Þeir eigi yfirleitt ekki kröfu til þess, að slíkri hættu sé byggt út, enda yfirleitt ýmis vandkvæðiá slíkum varnaraðgerðum. Það sé ætlað til þess, að starfsmenn varist slíka hættu með aðgæzlu, en beri einir af því hallann, ef út af bregði í því efni og slys verður. Stefnanda hafi mátt vera ljóst bæði af dómgreind sinni og fenginni reynslu í starfi, að vörupallur R 5417 kynni að vera að einhverju marki háll umrætt sinn og hætta á því, að honum skrikaði fótur á pallinum. Honum hafi borið að vera vel á verði gagnvart slíkri hættu. Það sé hugsanlegt, að stefnandi hafi runnið til á pallinum og fallið niður af honum fyrir þá sök, en með öllu sé ósannað, að sú hafi verið orsök slyssins. Ýmsum öðrum orsökum geti verið til að dreifa jafnlíklegum. Megi í því efni nefna, að stefnandi gæti hafa fengið aðsvif og fallið af þeirri ástæðu eða einfaldlega stigið með annan fótinn út af pallinum. Hver sem skýringin sé, verði slysið eigi rakið til annars en óhappatilviljunar eða gáleysis stefnanda sjálfs. Við engan annan sé um slysið að sakast. Slysið varði því eigi heldur stefnda fébótaábyrgð samkvæmt almennum skaðabótareglum, sbr. 3. mgr. 69. gr. umferðarlaga. Að svo vöxnu máli sé hér eigi fullnægt skilyrðum til bótagreiðslu úr ábyrgðartryggingu R 5417, sbr. 3. mgr. 70. gr. umferðarlaga. Beri því að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda. Til varúðar hefur stefndi mótmælt einstökum kröfufólum stefnanda sem allt of háum, enda sé af gögnum málsins ljóst, að stefnandi hafi orðið fyrir litlu fjárhagstjóni.

VI.

Stefnanda var ásamt bifreiðarstjóra vörubifreiðarinnar R 5417 falið að ferma nefnda bifreið í vöruskemmu H/f Eimskipafélags Íslands við Tryggvagötu. Við fermingu hlaut stefnandi að verða þess áskynja, að pallur bifreiðarinnar var óhreinns eftir ferð hennar til Keflavíkurflugvallar. Ekkert er fram komið í málinu, sem bendir til þess, að afturhluti bílpallsins hafi atazt auri á leið bifreiðarinnar úr nefndri vöruskemmu H/f Eimskipafélags Íslands að vöruskemmu stefnda að Borgartúni 7. Þegar þangað kom, má af gögnum málsins ráða, að stefnandi hafi fyrstur farið upp á pall bifreiðarinnar. Virðist hann strax hafa hafizt handa um affermingu hennar. Stefnandi, sem hafði þann starfa m. a.

með höndum að aðstoða bifreiðarstjóra stefnda við flutning á vörum stofnunarinnar, átti samkvæmt reynslu sinni og aðstæðum öllum að gjalda varhuga við hálfu á bílpallinum. Bifreiðin var kyrrstæð, og vélarafli hennar var ekki beitt. Verður því ekki talið, að slysið hafi hlotizt af bifreiðinni í notkun, sbr. 67. og 68. gr. laga nr. 26/1958. Að þessu athuguðu þykja eigi vera efni til að leggja á stefnda ábyrgð á slysi stefnanda, og ber því að dæma stefnda sýknu í málinu, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Allur gjafsóknarkostnaður, kr. 35.840.00, greiðist úr ríkissjóði. Þar af hljóti talsmaður stefnanda, Jón Skaftason hæstaréttarlögmaður, kr. 30.000.00 í talsmannslaun, en kr. 5.840.00 er útlagður kostnaður.

Bjarni K. Bjarnason borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs vegna Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Hallgríms Bogasonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Allur gjafsóknarkostnaður, kr. 35.840.00, greiðist úr ríkissjóði. Þar af hljóti talsmaður stefnanda, Jón Skaftason hæstaréttarlögmaður, kr. 30.000.00 í talsmannslaun.